

Ákvarðanir um launabreytingu og umbun

Um ákvarðanir um laun og launabreytingar er fjallað í leiðbeiningum í gæðaskjali LBE-179. Um önnur laun og hlunnindi gilda eftirfarandi reglur.

1. Viðbótarlaun

Matvælastofnun greiðir viðbótarlaun í samræmi við ákvæði í bókun 2 í kjarasamningi BHM og FÍN við ríkið, sem undirritaður var 28. maí 2014. Samstarfsnefnd MAST var stofnuð til að ákvarða úthlutunarreglur og dreifingu þeirra fjármuna sem ætlaðir eru til að greiða tímabundin viðbótarlaun skv. áður nefndu samkomulagi. Markmið nefndarinnar er að ná samkomulagi um útfærslu á tímabundnum viðbótarlaunum samkvæmt aðgerðaáætlun útgefinni af stýrihópi BHM og Fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Í nefndinni sitja fulltrúar aðildarfélaganna og tveir forstöðumenn, auk mannauðs- stjóra.

Matstímabil fyrir úthlutun viðbótarlauna er frá 1. október ár hvert til 30. september og skal úthlutun fara fram einu sinni á ári og kemur hún til greiðslu 1. desember ár hvert. Sú upphæð sem er ætluð til árangurstengdra launa og launatengdra gjalda tengdum þeim er áætluð 2% af launum allra starfsmanna MAST árið 2014 sem eru í BHM og aðildarfélagum þess. Upphæð til úthlutunar getur tekið breytingum á hverju ári sökum launauppbóta og er heildarupphæðin árið 2019 alls 11,5 m.kr. að undanskildum launatengdum gjöldum.

1.1 Úthlutunarreglur

Samstarfsnefnd MAST hefur ákveður úthlutunarreglur og eru þær aðgengilegar öllum starfsmönnum á sameiginlegu drifi, S-drifi, undir möppunni Samstarfsnefnd MAST og viðeigandi ári. Þar eru einnig aðgengilegar fundargerðir samstarfsnefndar.

1.2 Ábyrgðaraðilar

Forstjóri, forstöðumenn, héraðsdýralæknar og framkvæmdastjórar eru ábyrgir fyrir því að meta hvernig undirmenn þeirra uppfylla skilyrði til viðbótarlauna. Forstjóri er ábyrgur fyrir því að meta forstöðumenn, framkvæmdastjóra og héraðsdýralækna og er honum heimilt að fela forstöðumanni Dýraheilsu að framkvæma mat á héraðsdýralæknum. Samstarfsnefnd hefur eftirlit með framkvæmdinni og ber ábyrgð á matsþáttum kerfisins. Mannauðsstjóri heldur árlegt yfirlit um veitingu viðbótarlauna, upphæðir, kynjaskiptingu og dreifingu eftir sviðum. Samstarfsnefnd skal hafa aðgang að samantekt um niðurstöður og dreifingu greiðslna. Yfirlitið er birt á sameiginlegu drifi, S-drifi, í möppunni Samstarfsnefnd MAST undir viðeigandi ári.

1.3 Endurskoðun

Kerfið er endurskoðað af samstarfsnefnd MAST að lokinni hverri úthlutun.

2. Símar og nettenging

Þeir starfsmenn Matvælastofnunar sem þurfa starfs síns vegna að hafa farsíma fá farsíma hjá stofnuninni. Dæmi um slíkt gæti verið að starfsmaður væri mikið fjarri starfsstöð vinnu sinnar vegna, að mikilvægt sé að hægt sé að ná í viðkomandi utan vinnutíma, o.s.frv. Ákvörðun um farsíma á vegum stofnunarinnar er tekin af viðkomandi forstöðumanni í samræmi við reglur þar um. Reglurnar koma fram í starfsmannahandbók MAST sem aðgengileg er öllum starfsmönnum á sameiginlegu drifi starfsmanna, S-drifi, undir möppunni Starfsmannahandbók.

Forstjóri og yfirmenn sviða fá greidda nettengingu heima vegna starfa utan hefðbundins vinnutíma, auk mannauðs-, gæða-, upplýsingatækni-, fjármála-, fræðslu-, og skjalastjóra. Þegar aðilar láta af þessum störfum fellur greiðsla nettengingar niður þrátt fyrir að þeir sinni e.t.v. tímabundið öðrum störfum hjá stofnuninni.

2.1 Mæling og vöktun

Mannauðsstjóri kallar eftir lista yfir þá sem hafa síma frá upplýsingatæknistjóra í febrúar ár hvert (listi vistaður á R-drifi Rekstrar). Upplýsingatæknistjóri heldur utan um skrá yfir þá starfsmenn sem hafa nettengingu heima á vegum stofnunarinnar (SKR-139 á S:/Jafnlaunakerfi – Skjöl). Þegar starfsmaður hættir stofnar mannauðsstjóri mál í málakerfinu og upplýsingatæknistjóri fær þá það verkefni úr málinu að loka/breyta áskrift á síma og neti og innheimta tæki sé það í eigu stofnunar. Samhliða árlegri launagreiningu fer mannauðsstjóri yfir listann og gerir greiningu á símahlunnindum.

3. Milliferðir

Starfsmenn þurfa sjálfir að koma sér til og frá vinnu á eigin kostnað sbr. gr. 5.4.1 í kjarasamningum ríkisins við viðsejendur þess.

Undantekning frá þessari reglu er í gildi og tengist samningi sem gerður var við starfsmenn sem voru fluttir um starfsstöð þegar starf þeirra var flutt til Matvælastofnunar frá annarri ríkisstofnun. Undantekningin felst í því að tveir bílar á vegum Matvælastofnunar eru í ferðum á milli Reykjavíkur og Selfoss til að flytja það fólk á milli staða. Öðrum starfsmönnum sem búa á höfuðborgarsvæðinu stendur til boða að nýta sér ferðirnar á meðan þetta fyrirkomulag er í gildi gegn greiðslu sérstaks ferðagjalds, 10.000 kr. á mánuði, enda álitur Matvælastofnun það jákvætt félagslega og vegna umhverfisáhrifa að margir sameinist í bíla. Fyrirkomulagið verður endurskoðað þegar engir starfsmenn með slíkan samning vinna lengur hjá Matvælastofnun.